

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1961.

Nr. 164/1960. **Hersteinn Pálsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn

Osta- og smjörsölunni s/f og gagnsök
 (Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1960. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. október 1960. Eru kröfur hans þessar: 1. Að ummæli þau, sem í stefnu til héraðsdóms greinir, verði ómerkt. 2. Að aðaláfrýjanda verði dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa, fyrir ummælin. 3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að birta dóm Hæstaréttar ásamt forsendum hins áfrýjaða dóms í fyrsta eða öðru tölublaði „Vísis“, sem út kemur eftir birtingu dómsins fyrir aðaláfrýjanda. 4. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hin umstefndu ummæli, lesin í samhengi, gefa til kynna misferli af hálfu gagnáfrýjanda um meðferð á vöru þeirri, sem hann hafði til sölu. Hefur aðdróttun þessi ekki verið réttlætt, og varðar hún við 235. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu, ómerkingu ummæla og greiðslu málskostnaðar í héraði, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að staðfesta

ákvæði héraðsdóms um, að aðaláfrýjanda sé skylt að birta forsendur hans. Svo skal aðaláfrýjanda og skylt að birta forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956. Skal birting fara fram í fyrsta eða öðru tölublaði „Visis“, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu, ómerkingu ummæla og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjanda, Hersteini Pálssyni, skal skylt að birta forsendur héraðsdóms og forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar í 1. eða 2. tölublaði „Visis“, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Osta- og smjör-sölunni s/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. f. m., hefur Osta- og smjörsalan s/f, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. apríl 1959, gegn Hersteini Pálssyni ritstjóra, Úthlíð 8, hér í borg, vegna ummæla, sem birtust í dagblaðinu Vísi 10. apríl 1959, 79. tbl., 49. árg.

Eftirfarandi ummæli, sem eru tvídálka fyrirsögn í forsíðugrein nefnds tölublaðs, telur stefnandi ærumeiðandi fyrir sig:

„Enn eitt hneykslið. Vatni blandað í „gæðasmjör“! Engar reglur til um mat.“

Telur stefnandi ummæli þessi varða við 234., 235., 236. og 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 71 7. maí 1928.

Dómkröfur stefnanda eru þær,
 að hin tilteknu ummæli verði dæmd dauð og ómerk;
 að stefndi verði sem ábyrgðarmaður blaðsins dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa;
 að stefndi verði með dómi skyldaður til þess að birta í dagblaðinu Vísi, að viðlögðum dagsektum, greinargerð um úrslit málsins, sbr. 11. gr. tilskipunar frá 9. maí 1855, eins og henni hefur verið breytt með 3. gr. laga nr. 105/1954;
 að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Stefnandi telur áðurgreind ummæli villandi, tilhæfulaus með öllu og mjög ærumeiðandi fyrir sig. Í ummælunum felist aðdróttun um það, að stefnandi hafi að tvennu leyti gerzt sekur um hneykslanlegt athæfi:

1. Með því að blanda vatni í smjör.
2. Með því að fara ekki eftir neinum reglum í sambandi við mat og flokkun á smjöri.

Það sé að vísu rétt, að það hafi komið fyrir einu sinni, að stefnandi hafi þurft að samræma vatnsinnihald smjörsendingar. Hins vegar fari því fjarri, að þar sé um neitt hneyksli að ræða. Rétt vatnsmagn í smjöri sé þýðingarmikið atriði í framleiðslu þess, og lokastigið í framleiðslu smjörs sé jafnan að ákvarða vatnsmagnið í því. Umrædd aðdróttun sé þeim mun ámælisverðari, er þess sé gætt, að viðurkennt sé í greininni sjálfri, að vatnsmagnið í umræddri smjörsendingu hafi við sölu hennar verið minna en heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur áskilur. Samkvæmt ákvæðum nefndrar heilbrigðissamþykktar megi vatnsmagn í söltuðu smjöri vera allt að 16%, en það sé einmitt sú hundraðstala, sem helztu framleiðendur smjörs til sölu á heimsmarkaðinum leitist við að hafa í sinni framleiðslu. Flokkun á mjólkurbús-smjöri og sala nokkurs hluta þess á lægra verði sé alger nýjung hér á landi, og hafi því ekki enn verið settar um það efni fastar reglur. Framleiðsluráð landbúnaðarins að tilhlutun landbúnaðarráðherra hafi hins vegar fyrir nokkru skipað nefnd til þess að semja frumvarp að slíkum reglum. Þetta þýði þó alls ekki það, að flokkun og mat smjörsins hafi farið fram af einhverju handahófi. Stefnandi hafi frá upphafi starfsemi sinnar haft viðurkenndan norskan sérfræðing, Jakob Vikse, í þjónustu sinni, og reyndar

fyrst í stað einnig annan norskan sérfræðing með honum, til þess að koma matinu á og hafa yfirstjórn þess með höndum. Farið hafi verið eftir reglum, sem beitt hafi verið á hinum Norðurlöndunum um langt skeið, en þar hafi smjörframleiðslan þótt standa á einna hæstu stigi. Af þessu megi glögglega sjá, að það sé óviðurkvæmilegt og villandi að gefa í skyn sem hneykslunar-efni, að stefnandi hafi ekki farið eftir neinum reglum um flokkun og mat á smjöri. Umræddar aðdróttanir séu að sjálfsögðu mjög til þess fallnar að valda stefnanda, sem nýlega hefur hafið starfsemi sína, verulegu tjóni, enda þótt upphæð þess verði ekki tölulega sönnuð. En þar sem íslenzkum lagaákvæðum sé þannig háttað, að dómkröfur um bætur fyrir fjártjón eða miskabætur úr hendi stefnda til handa stefnanda myndu ekki ná fram að ganga, sbr. 2. gr. laga nr. 71 7. maí 1928 og 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, séu slíkar kröfur ekki hafðar uppi í máli þessu. Hins vegar virðist einsætt, að taka eigi tillit til þessa við ákvörðun refsingar stefnda.

Sýknukröfu sinni til stuðnings hefur stefndi bent á, að viðurkennt sé af stefnanda, að stefnandi hafi látið blanda vatni í smjör. Stefnandi hafi sem vörudreifandi ekki haft neina heimild til að blanda vatni í smjörið. Þar hafi hann tekið sér vald, sem hann hafi ekki haft, enda sé opinberlega skráð í firmaskránni, að tilgangur stefnanda sé að annast á umboðsgrundvelli sölu og dreifingu á hvers kyns mjólkurafurðum. Það sé rangt og alveg ósannað, að smjörið hafi batnað eitthvað við það, að vatni var í það bætt. Á hitt sé hins vegar að líta, að með því að bæta vatninu í hafi magn smjörsins að sjálfsögðu aukizt, svo að raunverulega hafi stefnandi selt meira magn en ætla megi, að framleiðandinn hafi skuldfært hann fyrir. Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að engar fastar reglur hafi verið settar af stjórn stefnanda um gæðamat. Gæðamat þekkist hvergi, nema settar hafi verið fastar reglur um framkvæmd þess. Þegar þess sé gætt, að smjörið sé nefnt gæðasmjör, en engar reglur til um gæðamat smjörsins, þá virðist vera full ástæða til að nota orðið hneyksli í þessu sambandi. Því sé algerlega mótmælt, að nokkuð sé leggjandi upp úr skýrslu starfsmannsins Jakobs Vikse, og ósannað sé, að hann sé nokkur sérfræðingur um gæðamat mjólkurafurða. Það sanna í málinu sé, að Jakob Vikse hafi eftirlitslaust unnið að einhvers konar mati, sem hann hafi því haft sjálf-dæmi í. Að lokum hefur stefndi á það bent, að fram að því að stefnandi fór að dreifa mjöri hér í borginni, hafi dreifing þess

verið frjáls og framleiðenda getið á umbúðunum. Stefnandi hafi hins vegar dreift smjörinu án þess að geta framleiðslustaðar. Með því að bæta vatni í smjör, sem flutt var til borgarinnar, hafi vatnsmagn smjörsins, sem hér var selt, verið meira en sams konar smjörs, sem selt var af sömu framleiðslu í framleiðsluhéradinu. Umrædd blaðagrein sé því réttlæt看anleg á þeim grundvelli, að gagnrýni hafi verið nauðsynleg til aðhalds fyrir hinn eina aðilja, sem þá fór að dreifa smjöri í borginni. Í þessu sambandi hefur stefndi bent á, að ákærvaldið hafi séð ástæðu til að ákæra stjórn stefnanda, m. a. fyrir að stefnandi auðkenndi smjör, sem fyrirtækið sá um pökkun, geymslu og dreifingu á og talið hafi verið fyrsta flokks, með orðinu „gæðasmjör“, þótt engar opinberar reglur hafi verið til um mat á smjöri, svo og fyrir að pakka öllu slíku smjöri inn í sams konar umbúðir án þess að geta um framleiðanda smjörsins.

Lögð hafa verið fram ýmis skjöl í framangreindu máli, er ákærvaldið höfðaði gegn stjórnendum stefnanda, en því máli lauk þannig í Hæstarétti, að ákærinni var vísað frá héraðsdómi sakir ágalla hennar.

Í réttarhaldi í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur þann 8. apríl 1959 gaf Sigurður Benediktsson, framkvæmdastjóri stefnanda, skýrslu, þar segir m. a.: „Aðspurður segir mætti, að stjórn Ostas og smjörsölunnar s/f hafi ekki samið ákveðnar reglur til flokkunar smjörsins eftir gæðum. Hins vegar hafi stjórnin í þjónustu sinni norskan sérfræðing, sem stjórnar gæðamati fyrirtækisins, og vinni hann að því að koma gæðamatsreglum í fast form, að norskri fyrirmynd, í samvinnu við mjólkurbússtjórana.“ Í þinghaldi þann 13. apríl 1959 skýrði stjórnarmaður stefnanda, Helgi Pétursson, m. a. svo frá fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur: „Þá segir mætti, að stjórn Ostas og smjörsölunnar hafi ekki sett neinar ákveðnar reglur um það, hvaða skilyrði smjörið þurfi að uppfylla til þess að komast í svonefndan gæðaflokk. Segir mætti, að stjórnin hafi fengið erlendan sérfræðing til starfa við gæðamat á smjöri, og annist hann alla stjórn á því mati og setji jafnframt sjálfur þær reglur, sem farið er eftir við matið. Segir mætti, að fyrrnefndur sérfræðingur fari að norskri fyrirmynd um framkvæmd matsins. Segir mætti, að þær reglur hafi ekki verið ræddar á stjórnarfundi Ostas og smjörsölunnar s/f, og ekki kveðst mætti hafa kynnt sér þær til neinnar hlítar.“ Í sama þinghaldi komu fyrir sjó- og verzlunardóminn aðrir stjórnarmenn stefnanda, þeir Hjalti Pálsson, Stefán Björnsson, Egill G. Thorarensen og Einar

Ólafsson, og skýrðu þeir að mestu efnislega á sama hátt frá og greinir í skýrslu Helga Péturssonar hér að framan. Í sama þinghaldi kom fyrir dóminn Jakob Vikse mjólkurfræðingur, sem áður er getið, og gaf hann m. a. svofellda skýrslu: „Aðspurður kveðst mætti engin bein fyrimæli hafa fengið frá stjórn Osta- og smjör-sölnunnar s/i, varðandi framkvæmd gæðamatsins, en hins vegar hafi honum skilizt að fara ætti eftir sömu reglum eins og í Noregi, enda hafi sömu reglum verið fylgt við gæðamatið á smjörinu hér, eins og við útflutningssmjör í Noregi, en það er ósýrt og að álitu mætta smjör svipað íslenzku smjöri.“

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, svo og þess, að á þeim tíma, sem hér um ræðir, voru engar opinberar reglur til um gæðamat á smjöri, þykja ekki efni standa til að refsa stefnda samkvæmt áður tilgreindum ákvæðum hegningarlaganna fyrir birtingu á ummælunum: „Engar reglur til um mat“. Krafa stefnanda um ómerkingu ummæla þessara verður heldur ekki tekin til greina.

Eins og áður greinir, er viðurkennt af stefnanda hálfu, að það hafi komið fyrir einu sinni, að vatni hafi verið blandað í smjör, sem stefnandi hafði móttengið til dreifingar. Framkvæmdastjóri stefnanda hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þar hafi verið um að ræða 2—3 tonn af smjöri, sem hafi haft lægri vatnsprocentu en heimil sé samkvæmt heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur. Hér fyrir dómi lýsti umboðsmaður stefnanda því yfir, að um hafi verið að ræða ópakkað smjör, sem flutt hafi verið til Reykjavíkur, en sent í Mjólkurbú Flóamanna, og þar hafi vatni verið blandað í það. Með hliðsjón af þessu þykja ekki efni standa til þess að ómerkja né refsa sérstaklega fyrir setninguna „Vatni blandað í „gæðasmjör“.“

Er þá næst að líta á fyrstu setninguna í hinum umstefndu ummælum: „Enn eitt hneykslið“. Þegar samband þessarar setningar er skoðað með hliðsjón af tveimur síðari setningunum, einkum þó setningunni „Vatni blandað í „gæðasmjör““, sem skráð er með mun stærra og meir áberandi letri en hinar setningarnar, þá verður að telja, að í setningunni felist aðdróttun um misferli hjá stefnanda í meðferð og dreifingu smjörvara þeirra, sem hann sá um dreifingu á. Þeirri staðhæfingu af stefnanda hálfu, að smjör það, sem vatni var blandað í, hafi orðið hæfari verzlunarvara, eftir að vatninu var blandað í það, hefur ekki verið hnekkt. Ummæli þessi ganga því lengra en lögleyfð gagnrýni heimilar. Ber því að ómerkja ummæli þessi samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hinna almennu

hegningarlaga nr. 19/1940. Þykja ummælin varða við 235. gr. hegningarlaganna, og þar sem þau hafa ekki verið nægjanlega réttlætt, ber samkvæmt kröfu stefnanda að refska stefnda sem ábyrgðarmanni blaðsins fyrir birtingu þeirra. Þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í fjóra daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í málinu.

Rétt þykir samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 (11. gr. tilskipunar frá 9. maí 1855 og lög nr. 105/1954 hafa verið felld úr gildi) að skylda stefnda til að birta forsendur og niðurstöðu dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði Vísis, er út kemur eftir birtingu dóms þessa fyrir stefnda.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er eftir atvikum ákveðst kr. 1.200.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregið um venju fram sakir mikilla anna við embættið í sambandi við þingleyfi.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Hersteinn Pálsson, greiði 800.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í fjóra daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefnda er skylt að birta forsendur dóms þessa og niðurstöðu í fyrsta eða öðru tölublaði Vísis, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa fyrir stefnda.

Stefndi greiði stefnanda, Osta- og smjöröðunni s/f, kr. 1.200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.